

15 *Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir »Minningarsjóð Kjartans próf-
18. apríl fasts Einarssonar«, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra
Íslands 18. apríl 1917.*

Skipulagsskráin er þannig:

Skipulagsskrá

fyrir Minningarsjóð Kjartans prófasts Einarssonar.

1. gr.

Sjóðurinn skal heita »Minningarsjóður Kjartans prófasts Einarssonar« og er stofnaður af Vestur-Eyfellungum með kr. 450,00 — fjögur hundruð og fimmtíu krónum — hinn 1. jan. 1917.

2. gr.

Sjóður þessi skal settur á vöxtu. Skal hann eigi skertur nje vextirnir, nje það, sem á annan hátt kann við hann að bætast, fyr en ársvextirnir eru orðnir 100 krónur. Það ár má veita úr sjóðnum helming vaxtanna, en hinn helmingurinn leggist við höfuðstólinn. Úr því má jafnan árlega veita úr sjóðnum kr. 50,00, þar til ársvextirnir eru orðnir 200 krónur. Þá má veita helming þeirra vaxta eða kr. 100,00 úr sjóðnum árlega, þar til vextirnir eru orðnir 300 krónur. Síðan má jafnan eftir sömu reglu árlega veita úr sjóðnum helming vaxtanna, er þeir standa á hundraði. Hinn hluti vaxtanna og vaxtavextir leggist jafnan við höfuðstólinn, er aldrei má skerða.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að auka alþýðmentun og andlega menningu í Vestur-Eyjafjallahreppi með því:

1. að styðja efnilega unga menn í hreppnum til náms á æðri alþýðuskólum en barnaskólum, utanlands og innan, sjerstaklega á bændaskólum.
2. að koma föstu skipulagi á barnaskóla hreppsins og bæta fyrirkomulag þeirra.

4. gr.

Stjórn sjóðsins hefir á hendi þriggja manna nefnd, og skulu eiga sæti í henni oddviti hreppsnefndarinnar, formaður fræðslunefndar (eða skólanefndar) og hreppstjóri hreppsins. Ennfremur kys hreppsnefndin þrjá varamenn. Stjórnin gengst fyrir fjársöfnun til sjóðsins, ákveður allar styrkveitingar, semur reikning sjóðsins og leggur hann árlega fyrir hreppsnefnd til úrskurðar. Skal hann síðan fylgja hreppsreikningum til sýslunefndar. Stjórnin ber og sameiginlega ábyrgð á sjóðnum.

5. gr.

15

Styrk til framhaldsnáms má veita hverjum þeim ungum efnismanni, karli eða konu, sem heimilisfastur er í Vestur-Eyjafjallahreppi og eigi er yngri en 16 ára nje eldri en 25 ára. Þó skulu þeir sjerstaklega ganga fyrir við styrkveitinguna, sem útlit er fyrir að taki sjer bústað í hreppnum að náminu loknu. Enginn má fá styrk úr sjóðnum oftár en þrisvar sinnum.

Þau árin, sem enginn hlýtur styrk úr sjóðnum til framhaldsnáms, má verja fjenu til að bæta barnaskóla hreppsins eftir því sem stjórninni í samráði við kennara og fræðslunefnd (eða skólanefnd) virðist best við eiga.

6. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í »Söfnunarsjóði Íslands«.

7. gr.

Á skipulagsskrá þessari skal beiðast staðfestingar konungs.

Holti undir Eyjafjöllum, 6. dag janúarmánaðar 1917.

Jakob Ó. Lárusson. Sigurður Ólafsson. Magnús Sigurðsson.

Reglugjörð

16
18. apríl

um viðauka við reglugjörð 11. apríl 1917 um aðflutta kornvöru og smjörlíki.

Samkvæmt heimild í lögum 1. febrúar 1917, um heimild fyrir landsstjórnna til ýmsra ráðstafana útaf Norðurálfuófriðnum, eru hjermeð sett eftirfarandi ákvæði.

Fyrst um sinn þangað til öðruvísi verður ákveðið, má ekki selja smjörlíki nema eftir ráðstöfun hlutaðeigandi bæjarstjórnar eða sveitarstjórnar, sem setur reglur um söluna.

Reglugjörð þessi öðlast þegar gildi.

Þetta er birt öllum þeim til eftirbreytni, sem hlut eiga að máli.

Í stjórnarráði Íslands, 18. apríl 1917.

Sigurður Jónsson.

Jón Hermannsson.